

**52** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Ólafsfjarðar“, út-  
30. apríl gefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30.  
apríl 1931. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Ekknasjóð Ólafsfjarðar.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Ekknasjóður Ólafsfjarðar.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 876.64 — átta hundruð sjötíu og sex krónum 64 aorum —, sem er gjöf og fjársöfnun séra Helga Árnasonar fyrrverandi prests í Ólafsfirði og konu hans, frú Mariu Torfadóttur. Ennfremur með hlutabréfi í Frystihúsfélagi Ólafsfjarðar, að upphæð kr. 3300 — þrjú þúsund og þrjú hundruð —, sem er gjöf frá útgerðarmönnum og sjómönnum í Ólafsfjarðarkauptúni, auk kr. 70.50 — sjötíu króna og 50 aura — innstæðu í sparisjóði Ólafsfjarðar. Stofnfé sjóðsins er að upphæð alls kr. 4247.14.

**3. gr.**

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 — tíu þúsund — krónur má verja  $\frac{2}{3}$  vaxta hans samkvæmt tilgangi sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 20.000 — tuttugu þúsund — krónur, má verja  $\frac{3}{4}$  vaxta hans. Þegar hann er orðinn 40.000 — fjörutíu þúsund — krónur má verja öllum vöxtum.

**4. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstaddar ekkjur í Ólafsfjarðarhreppi, sem stjórn sjóðsins álitur styrkþurfa. Rétt til styrks úr sjóðnum hafa aðeins þær ekkjur, sem eiga lögheimili í hreppnum. Það er á valdi stjórnar sjóðsins, hve margar hljóti styrk í hvert skipti, og skulu þær alltaf ganga fyrir, sem bágstaddastar eru.

**5. gr.**

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans, og auk þess gjafir, er honum kynni að hlotnast, og skulu tekjurnar leggjast við höfuðstólinn samkvæmt fyrirmælum 3. gr.

## 6. gr.

52

Sjóðurinn skal ávaxtast í sparisjóði Ólafsfjarðar eða öðrum jafntryggum sjóði, að álitni stjórnarinnar. 30. apríl

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri, oddviti og sóknarprestur í Ólafsfjarðarhreppi og skulu þeir allir sjálfkjörnir. Formaður sjóðsins skal vera hreppstjóri, og annast hann reikningshald sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar birtir á hreppsfundi ár hvert, endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninganna.

## 8. gr.

Formaður sjóðsins skal geyma eignaskilríki hans og önnur skjöl. Hann skal og halda gerðabók um styrkbeiðnir og styrkveitingar og skulu reikningar innfærðir í þá bók.

## 9. gr.

Tilgangi sjóðsins má breyta, ef að meiri hluti sjóðsstjórnarinnar og hreppsnefndar samþykkir.

## 10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ólafsfirði, 21. marz 1931.

Helgi Árnason.

María Torfadóttir.

Þorvaldur Friðfinnsson  
f. h. fiskid. Ólafsfjarðar.

## REGLUGERÐ

53

1. maí

## um

breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu, frá 8. ágúst 1921.

Aftan við fyrstu málsgreinar 9. greinar komi:

„eða fjártali forðagæzlumanna, enda sé þá fódurtökufénaður dreginn frá“. 37. grein breytist þannig: í stað orðanna: „2 fiskum“ komi: „1 fisk“.

Reglugerð þessi, sem sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlagana, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní þ. á.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. maí 1931.*

S. Kristinsson.

*Vigfús Einarsson.*